



ORKUSTOFNUN

Forsendur fyrir hönnun og staðsetningu holu
KJ-29

**Ásgrímur Guðmundsson,
Sverrir Þórhallsson**

Greinargerð ÁsG-Sþ-97-02



Forsendur fyrir hönnun og staðsetningu holu KJ-29

Staðsetning

Holu KJ-29 hefur verið valinn staður austan skiljustöðvar í gömlu borplani, sem gert var haustið 1976. Staðsetningin er sýnd á mynd 1. Þar er 56,2 m djúp höggborshola fóruð og steypt (nr. 58029 í gagnagrunni OS) ásamt steyptum kjallara. Holan var höggboruð á tímabilinu 18. - 30 ágúst 1976 með höggbor 3. Miðað við þá atburðarás sem átti sér stað á þeim árum var fallið frá því að bora dýpra niður á þessu svæði tímabundið að minnsta kosti. Þar réði fyrst og fremst áhrif kvíkugasa sem breiddust út um jarðhitakerfið. Ennfremur hefur slælegur árangur í holu KJ-6, bæði hvað varðar afköst og gæði vökvans, haft þar mikil áhrif á.

Viðhorfsbreyting varð eftir að hola KJ-28 var boruð. Þá kom í ljós mjög gott þrýstisamband milli hennar og holu KJ-6 eins og sýnt er á mynd 2. Svörun vatnsborðsbreytinga í holu 6 var mjög sterk þegar einhverjar breytingar áttu sér stað í holu KJ-28. Aftur á móti var veikari svörun í nærliggjandi holum, norðan við holu KJ-28 (mynd 2).

Næsta hola við er hola KG-12 og eru upplýsingar og niðurstöður rannsókna við borun hennar lagðar til grundvallar við undirbúnning borunar holu KJ-29.

Lýsing á staðháttum

Holan var staðsett austan til á Leirbotnasléttunni um það bil 100 m vestan við brekkuræturnar. Jarðfræðileg einkenni í næsta nágrenni eru Hveragilssprungan sem hverfur á yfirborði undir Leirbotnanna og svo sprunga sem liggur við holur KW-1 og KG-12 og talið er að fæði holur KJ-9 og 28 á 1200 og 800 m dýpi. Báðar eru þessar sprungur áhugaverðar sem skotmark fyrir holuna, en vegna lítils halla þeirra er erfitt að segja til um nákvæmlega á hvaða dýpi holan kemur til með skera þær. Út frá afstöðu holunnar til sprungnanna má gera ráð fyrir að þær verði ekki skornar ofan 1000 m dýpis, öllu frekar á 1000 - 2000 m dýpi. Vægur halli sprungnanna (áætlaður 3-5° til vesturs) undir holuna og hugsanlega smá frávik væntanlegrar holu frá löðréttu geta auðveldlega valdið verulegum skekkjum í útreikningum á skurðpunktí holu og sprungna.

Hola KG-12, sem hér er miðað við í öllum forsendum varðandi jarðlagastaflann og hita og þrýstistand, er að öllum líkendum austan við ofangreindar sprungur og hefur þar af leiðandi ekki skorið þær. Holan var nokkuð þétt í borun eins og fram kemur á mynd 3. Þar er sýnt einfalt jarðlagsnið teiknað samhliða borhraða og skolvatnsmælingum meðan á borun stóð. Því miður voru ekki til gögn um dæluþrýsting og dælingu ofan við vinnsluhlutann, en mælingar á skoltapi voru til úr allri holunni. Það kemur skýrt fram að holan lekur lítið sem ekkert í borun, aðeins á um 400 m dýpi er leki sem eitthvað kveður að. Gel var notað til skolunar við borun fyrir föðringum.

Á mynd 4 er reiknaður berghiti og þrýstingur sýndir samhliða einfölduðu jarðlagsniði. Berghitinn sýnir að skilin milli efra- og neðrakerfis Leirbotna eru á 800 - 1000 m dýpi. Með öðrum orðum þá stígur hitinn all ört á þessu bili og hefur náð suðumarksferli á um 1000 m dýpi og fylgir honum niður eins og vitneskja er um.

Á mynd 5 er sýndur hiti á skolvatni niður og upp ásamt mismunahita. Þar er um að ræða upplýsingar sem þægilegt er að hafa til samanburðar við núverandi verk. Lítill leki var í holunni og því eftirtektarverk hvað skolið hitnar hratt þegar dregið er úr dælingu. Ekki voru til gögn um skolhita úr efri hluta holunnar.

Til samanburðar við borun holu KJ-29 þá er höfð hér stutt lýsing af meginþráttum jarðlaga eins og þau eru í holu KG-12 og sýnd eru á myndum 3 og 4:

Móbergmyndun 80 - 250 m dýpi. Móbergstúff einkennir myndunina og er það mikið ummyndað og útfellingarákt. Í neðstu 25 metrunum ber nokkuð á basaltbreksíu. Ofan á mynduninni grillir í lítið ummyndað basalt. Berg af þessu tagi veitir litla fyrirstöðu og er að jafnaði auðboranlegt. Nokkur hætta er á að það vaskist út í borun, en það hefur ekki reynst vera hrungjarnt.

Hraunlagamyndun 250 - 440 m dýpi. Grágræn finkorna til meðalkorna basaltlög eru ráðandi á þessu dýptabili. Þykktin er mjög breytileg eða þetta 2 - 10 m. Einstök grófkorna basalt eða dólerítlög eru skorin. Á lagamótum eru útfellingar áberandi og hafa þétt hraunlagstaflann mikið til. Algengustu steindir sem sjást eru kalsít, kvarts og pýrit auk leirsins. Klórít sést án blöndunar við aðrar leirsteindir frá 250 m niður á tæplega 400 m dýpi. Það gefur til kynna að þessi hluti basaltsins sé frekar þéttur. Neðan 400 m dýpi sést klórít með smektti og blandlagsleirsteindum. Það eru greinileg merki um kólunum enda er vitað út frá ummyndun að svæðið hefur fylgt suðumarksferli líklega upp undir yfirborð en hefur síðan kólnað í efri hlutanum. Á um 400 m dýpi var mesta skoltapið í holunni, þ.e. við neðri mörk hraunlagamyndunarinnar og er það sambærilegt við aðrar Leirbotnaholur. Basaltið er mjög mishart og þar af leiðandi er borhraði breytilegur. Sprungið berg getur takmarkað borhraðann.

Móbergmyndun 440 - 820 m dýpi. Ljósgrænt útfellingarákt túff er ráðandi á þessu dýptarbili. Nokkur þunn basaltlög sjást. Basaltbreksía er áberandi frá 575 - 600 m dýpi. Basaltinnskot bæði fin og grófkorna gegnumstinga móbergið. Ummyndunarhiti er hærri heldur en mældur hiti, en kalsít er góður mælikvarði á yfirprentun í ummyndun og gefur þá til kynna kólunum og að hitinn er vel undir suðumarksferli. Um miðbik myndunarinnar sjást háhitasteindir eins og epidót og eru síðan ráðandi niður alla holuna. Það er ekki fyrr en kalsít hverfur að háhitasteindir eru góð visbending um hita. Bergið er tiltölulega þétt vegna útfellinga en við innskot gætu verið lekastaðir. Miklar líkur eru á að leki komi fram við neðri mörk myndunarinnar, þegar borað er úr móbergi í basalthraunlög. Bergið er auðboranlegt en harðir eitlar koma inn, þar sem innskotin eru. Búast má við því að bergið geti vaskast út í borun.

Hraunlög og inniskot 820 - 2222 m dýpi. Efst er komið í hraunlög græn af ummyndun, fin - meðalkorna og ná þau niður á rúmlega 900 m dýpi. Þar neðan við er komið í inniskot, fyrst finkorna og ferskleg og síðan í grófkorna berg, sem teygir sig niður fyrir 1000 m dýpi. Þar fyrir neðan og niður að botni eru inniskot ráðandi. Öðru hvoru er komið í ummynduð basalthraun eða þunnar breksiur og eykst borhraði iðulega í þeim köflum eins og sést á myndum 3 og 4. Vegna þess hve lega innskota er breytileg frá einum stað til annars, þá er ekki auðvelt að segja fyrir um á þessum kafla með góðu móti við hverju megi búast. Upplýsingar um hita og þrýsting eru aftur á móti sambærilegar og sýna að því leyti við hverju megi búast.

Forsendur fóðrunardýpis

Við hönnun háhitahola eru það einkum tvær meginforsendur sem ráða dýpi fóðringa:

Jarðfræðilegar forsendur ráða mestu um hönnun holunnar. Þá er ákveðið hve djúpt skuli borað og af hvaða c:\mydoc\krafla\kraflfor kj29.doc

dýptarbili vinnslan skuli eiga sér stað (opni hluti holunnar).

Öryggisforsendum þarf að fullnægja með því að setja nokkrar fóðringar í holuna, þannig að ávalt sé tryggt að síðasta fóðringin geti tekið á sig á hámarksþrýsting sem vænta má við borun næsta áfanga á eftir, fari holan óvænt í gos. Þessu er náð með því að setja þrjár fóðringar í háhitaholur:

- | | |
|----------------------|-----------------------|
| 1. Yfirborðsfóðringu | frá 0 til 15m/100 m |
| 2. Öryggisfóðringu | frá 0 til 200m/600 m |
| 3. Vinnslufóðringu | frá 0 til 600m/1200 m |

Fóðringar þessar eru settar að lokinni borun hvers áfanga og eru steyptar fastar. Öryggiskröfurnar leiða til þess að fóðringarnar skarast um 40 %.

Forsendur fyrir hámarksþrýstingi við fóðurörssendann, sem getur orðið við skyndigos í borun, byggjast á útreikningum á þrýstingi í holu i rennslí (neðanjarðargos). Lengd fóðringa þarf síðan að vera næg til að unnt sé að ná sama, eða hærri þrýstingi með því að setja þunga leðju í fóðringuna. Dæmi um neðanjarðargos var hola KG-4 í Kröflu (Sjálfskaparviti), sem ekki varð hamin þar eð vinnslufóðringin var of stutt. Við móturn krafa við borun holu KJ-29 er tekið mið af hita- og þrýstimælingum sem gerðar voru í holu KG-12 og útfra því er áætlað að hiti í neðrihluta jarðhitakerfisins sé á suðumarksferli. Forsendur fyrir dýpi fóðringa í holu KJ-29 miðast við eftirfarandi:

- Hámarks hita, þ.e. suðumark á hverju dýpi (suðumarksferill) í neðri hlutanum en 190 °C í þeim efri. Í þessu tilfelli er ekki tekið tillit til áhrifa vegna hlutþrýstings gastegunda á lækkun hitastigsins.
- Þrýstingur miðast við mældan þrýsting í holu KG-12.
- Æð komi inn í botni og streymi upp holuna og út rétt neðan við fóðringaskóinn (sbr. KG-4). Miðað við að ekkert þrýstifall verði við innrennslí í holuna frá jarðhitakerfinu.
- Þrýstifall í holunni vegna eðlisþyngdar og þrýstifalls. Samkvæmt mælingu í holu KG-4 reynist það vera um 0,15 bar á 10 m þegar holan var í gosi. Fyrir holu KJ-29 eru tvær meginforsendur notaðar:
 1. Þrýstingur við fóðurörssendann er reiknaður út frá mesta þrýstingi í botni holu (suðuþrýstingi) að frádegnum hydrostatiskum þrýstingi í holunni fylltri af gufu. Þetta gefur þrýstigradient 0,06-0,1 bar/10 m (mynd 6, grænir ferlar) eftir því hver meðalþrýstingurinn er í holunni. Þessar forsendur eru notaðar í Nysjáleneskum staðli "Code of practice for deep geothermal wells. NZS 2403:1991".
 2. Þrýstingur er reiknaður út frá ætuðu meðal þrýstifalli í blásandi holu með tvífasarennslí. Í þessu tilviki er reiknað með 0,3 bar/10 m þrýstifalli (mynd 6, rauðir ferlar).

Reynsla af því að fást við óvænt gos ("blow-out") úr holum sem voru svipaðar að dýpt (Krafla KG-4, Sjálfskaparviti og NJ-11 á Nesjavöllum) sýndu að þrýstingur gat orðið 100-120 bar við fóðurörssendann í gosi. Þetta eru í samræmi við forsendu 2 hér að ofan.

Ákvörðun á minnsta dýpi fóðringa

Þegar hámarksþrýstingur hefur verið ákvarðaður er það einkum tvennt sem ákvarðar minnsta dýpi fóðringanna. Annars vegar þarf jarðlagapþrýstingurinn að vera nægur (miðað við eðlisþyngd jarðlaga um 2,4) til að þrýstingurinn sprengi ekki ofan af sér ofanáliggjandi jarðlög, líkt og gerðist við holu KG-3, þegar fóðring skemmdist grunnt í holunni. Hins vegar þarf borleðja með þyngdarefnum að geta upphafið mestan mögulegan þrýsting við fóðurörssendann (til að kæfa óvænt gos í holunni). Miðað er við baritbætta borleðju með eðlisþyngd 1,4 í holunni. Æskilegt er að ná nægum þrýstingi með vatni (eðlisþyngd 1), einkum þegar verið er að setja leiðarann í holuna í verklok..

Hola KG-29 er hönnuð sem 2100 m djúp háhitahola. Á mynd 6 er sýnt hvernig mismunandi forsendur hafa áhrif á dýpi fóðringa. Samkvæmt því skal vinnslufoðringin ná niður á a.m.k. 920 m dýpi, öryggisfóðringin á 415 m dýpi og yfirborðsfóðringin á um 60 m. Hér er um að ræða ýtrustu kröfur, en verulegar upplýsingar liggja fyrir um Kröflusvæðið eftir umfangsmiklar boranir, m.a. frá holu KG-12 eins og getið hefur verið um hér að ofan. Þar tekur vinnslufoðringin mið af því að föðra af efra kerfið og nær niður í tæplega 1000 m dýpi, en öryggisfóðringin nær niður í tæplega 300 m dýpi. Ef tekið er mið af ýtrustu kröfum og þekkingu af nærliggjandi holum þá þarf öryggisfóðring að ná niður á 300 - 450 m dýpi og vinnslufoðring í allt að 1000 m dýpi en staðarjarðfræðingur mun taka um það ákvörðun í samráði við verkkaupa. Mynd 7 sýnir skematiskt holuhönnun, sem er m.a. heimfærð upp á KJ-29.

Til að fullt öryggi sé tryggt þarf borinn að hafa aðgang að barít þyngdarefini til að laga borleðju með eðlisþyngd 1,4 en efnisnotkunin á baríum sulfati er þá um 525 kg í hvern rúmmetra af leðju eða alls um 20 tonn.

Öryggislokar við borun

Til þess að loka holunni meðan borstengur eru í holunni eru svonefndir öryggislokar "blow-out preventers" og eru þeir af fjórum gerðum. Á mynd 8 er sýnt hvernig þeim er komið fyrir á holunni og val þeirra við hvern áfanga.


- Belggosvarar (Shafer og Hydril) loka að borstöngum, álagsstöngum og fóðringum. Er þá gúmmibéttung þrýst saman og lokar hún þá holunni. Hitapol þessara loka er takmarkað. Gert er ráð fyrir að belggosvarar verði hafðir á holunni við borun allra áfanga holunnar.
- Öryggisloki sem lokar að stöngum er með stáltungu og gúmmibéttingu (Cameron). Lokinn getur aðeins þétt við borstengur og takmarkar það notkunarsvið hans. Loki af þessari gerð er notaður við áfanga 2 og 3.
- Pakkdós (Grant) er höfð efst á öryggisventlunum til að beina því sem úr holunni kemur út um hliðarstút og vernda þar með starfsmenn borsins gegn gufugosi. Í pakkdósinni er gúmmibéttung sem snýst með stöngunum.
- Holulokar sem geta fullokað þegar tæki eru ekki í holunni verða hafðir í áfanga 2 og 3 og er endanlegur aðallokri holunnar reyndar hafður á henni við áfanga 3.
- Kæfingarlokar eru hafðir til að hægt sé að dæla vatni eða þungri leðju í holuna eftir að öryggislokum hefur verið lokað til að "kæfa" holuna. Dæla borsins er fasttengd kæfingarlokanum (3") um stálliðaleiðslu eða sambærilegri lögn.

Niðurlag


Greinargerð þessi kemur sem viðbót við verksamning, KRA-08, milli Landsvirkjunar og Jarðborana hf. Hér er kveðið nánar á um hvernig hönnun holu KJ-29 á að vera auk þess sem lagðar eru til upplýsingar frá nærliggjandi holu, sem gætu reynst gagnlegar við framkvæmd verksins. Auk þess fylgir með í viðauka hitamælingar úr holu KG-12 frá þeim tíma er hún var boruð.

Krafla 30+30 MW

Staðsetning holu KJ-29




Mynd XX: Vatnsborðsbreytingar í holu KJ-6 vegna ádælingar eða vinnslu úr holu KJ-28



Mannl 2

KRAFLA HOLA KG-12

Einfaldað jarðlagasnið, borhraði og mælingar á skolvatni




Skýringar við jarðlagasnið




Fersklegt fin-meðalkorna basalt



Ummymndað meðal-grófkorna basalt




Tuff




Ummymndað fin-meðalkorna basalt

KRAFLA HOLA KG-12

Einfaldað jarðlagasnið, berghiti og þrýstingur




Skýringar við jarðlagasnið



Fersklegt fin-meðalkorna basalt



Ummyndað meðal-grófkorna basalt




Túff



Ummyndað fin-meðalkorna basalt


March 4




Krafla hola KJ-29

Mynd 6

Lágmarks dýpi fóðringa fyrir 2100 m holu








		ORKUSTOFNUN Grensásvegi 9 IS-108 Reykjavík Sími: 5696000		Landsvirkjun Kröflustöð Snið 2000-2100 m háhitaholu Föðringar og holutoppur
Mkv.:	Hannað: SP/SLJ	Dags.: 10.02.1994	Teikning nr.: JHD-VFR-8715 breytt 22.04.1997, kra97_1d	Blað nr.: Mynd 1

1. Afang: Borun með 17 1/2" krónu
í 300–450 m dýpi

2. Afang: Borun með 12 1/4" krónu
í 800–1000 m dýpi

3. Afang: Borun með 8 1/2" krónu
í 2000–2100 m dýpi



Ath.
- Á hverri uppstillingu er 4" loki til distreymis höluvölkva eda steypu
- Á hverri uppstillingu er 3" kestingerlok fættengdur dælu
- Málsetningar á tekjum borsins á eftir að staðfesta


<input checked="" type="checkbox"/>	ORKUSTOFNUN	Landsvirkjun Kröfustöð
<input type="checkbox"/>	Gransávegi 8	Öryggisbúnaður við borun
<input type="checkbox"/>	IS-108 Reglakvík	um 2000 m hæfithálu
<input type="checkbox"/>	Sími: 5698000	

Mw.: 1:50	Hannakr. SP/SIL	Dagur: 21.02.1994	Teknolog nr.: HBD-VTB-6716	Blað ar.: Mynd 8
			breytt 21.04.1997, kraf. 24	

Viðauki


16 Apr 1997 asg
L= 58012 Oracle

Krafla hola KG-12
Hitamælingar fyrir öryggisföldingu




16 Apr 1997 asg
L= 58012 Oracle

Krafla hola KG-12
Hítamælingar fyrir vinnslufóðringu




16 Apr 1997 asg
L= 58012 Oracle

Krafla hola KG-12
Hítamælingar í vinnsluhluta í borlok



16 Apr 1997 asg
L= 58012 Oracle

Krafla hola KG-12
Upphítunarmælingar eftir borun



1 Apr 1997 asg
L= 58012 Oracle

Krafla hola KG-12
Prýstímælingar

